

## Thomas Hobbes. Molar úr heimspeki hans

Thomas Hobbs (1588-1679), var enskur heimspekingur og samtímamaður franska heimspekingsins, René Decartes. Hann er sérstaklega kunnur fyrir stjórnálaheimspeki sína. Hobbes trúði því, að stjórnmal og samfélags ætti skilja og jafnvel stjórna á grundvelli rökhugsunar og rökréttum skilningi á hreyfilögmalum allra hluta og fyrirbæra. Mestu máli skipti að tryggja öryggi þegnanna, sem framseldu hluta einstaklingsréttar síns til ríkisvaldsins – og það merki í fræðum hans erfðabundið einveldi. Þetta framsal til fullnustu samfélagssáttmála taldi Hobbes nauðsynlegan grundvöll að byggingu samfélags, sem hrifi fólk úr greipum „hin náttúrulega eða eðlilega ástands, þar sem menn bærust óhjákvæmilega á banaspjótum. Þannig var friður Hobbes mikilvægur. Nauðsyn bæri til að finna viðeigandi lögmál, sem leiðbeindi um friðsamlega sambúð – lex naturalis. (Reyndar taldi Hobbes náttúrlögin vera níttján talsins). Þess vegna mætti minnst hans, sem friðarhugsuðar. Sjálfsbjargarhvötina taldi hann grundvöll að hegðun mannsins. Hún ræki menn t.d. til að stofna til samfélags. Hér greinir hann á við fyrirrennara sína, Plató og Aristóteles, sem töldu félagshvöt búa í eðli manna. Ágreiningur manna stafar fyrst og fremst af hræðslu, samkeppni og heiðri.

Páll Skúlason: „Hugmynd Hobbes er af meiði þeirra vísinda og tækni sem mótuðust á 16. og 17. öld og skipt hafa sköpum um þróun mannlífs á jörðunni með því að margfalda mátt mannsins til að nýta auðlindir náttúrunnar í því skyni að bæta lífsskilyrði sín, tryggja afkomu sína og niða sinna. Þróunarkenning Darwins (1809-1882) sem fram kemur á 19. öld er, að margra dómi, í anda þessarar sömu meginhugmyndar. Samkvæmt henni er hver einstök lífvera – og þar með talinn maðurinn – knúin áfram af þeirri orku og viti sem hún býr yfir til að auka kyn sitt og umsvif á jörðunni. Engin lífvera hefur í sjálfu sér annan tilgang en þann að viðhalda sjálfri sér og stuðla að þróun eigin tegundar. Og hver lífvera – hver einstök manneskja – verður að finna það út sjálf hvernig hún vill lifa lífinu. Það eru ekki gefnir fyrirfram neindir mælikvarðar á farsæld eða hamingju líkt og Aristóteles virðist hafa hugsað sér, heldur ræðst slíkt af breytilegu mati á aðstæðum einstaklinganna hverju sinni. Hugmyndin um sjálf okkur sem hér er teft fram einkennist af ríkri sjálfðæmishyggju – þeirri trú að við eigum að hafa sjálfðæmi um hvaðeina sem okkur finnst máli skipta innan þeirra marka sem „samfélagssáttmálinn“ setur. Eina kvöðin sé sú að virða rétt annarra til sjálfðæmis. Með stjórnskipun sinni og grundvallarlögum á ríkið að sjá til þess að sjálfsákvörðunarréttur allra sé virtur. Ein mikilvægasta stjórnspekihugmynd síðari tíma – sjálf hugmyndin um mannréttindi, sameiginleg réttindi allra manna – er órofa tengd þessum rétti til sjálfsákvörðunar. Þess vegna snúast flestar ef ekki allar pólitískar deilur síðari tíma – hvort heldur innan tiltekins ríkis eða milli ríkja – um skilning og túlkun á mannréttindum. (Páll Skúlason: Hvers vegna skyldum við greiða skatta? Tíund, s. 5-13.)

Samkvæmt skilningi Hobbes er skynsemin á hinn bóginn fólgin í færni til að ná markmiðum sínum og fullnægja sjálfsbjargarhvöt sinni eða lífslöngun án þess að efna til óþolandi ófriðar við aðra menn. Hér er lítið á ríkið sem verkfæri sem við sem frjálsir einstaklingar höfum smíðað til að tryggja sérhagsmuni okkar hvers fyrir sig og sjá til þess að hvert okkar geti lifað lífinu eftir eigin höfði í samfélaginu (ef við kjósum þá yfirleitt að tala um samfélag).

Á miðöldum og fram til lýðræðisbyltinganna á 18. öld á Vesturlöndum var fullveldið sjálft iðulega réttlætt með því að fullvaldurinn hlyti vald sitt frá Guði sjálfum. Fyrsta kenningin sem skýrir og réttlætir fullveldið með vísun til lýðsins sjálfs og hagsmuna hans er einmitt kenning Hobbes. Fullvaldurinn er fullvalda vegna þess að lýðurinn – einstaklingarnir sem eru knúnir áfram af sjálfsbjargarhvötinni einni saman – afsalar sér rétti sínum til að gera hvað sem er til að viðhalda lífi sínu til fullvaldsins sem hefur það hlutverk að tryggja frið og öryggi

í samskiptum einstaklinganna. Ef fullvaldurinn uppfyllir ekki þetta hlutverk sitt eða misbeitir valdi sínu gagnvart lýðnum þá er eins víst að lýðurinn steypi honum af stóli. Samkvæmt því viðhorfi sem ég kenni við Hobbes gerir borgarinn sér ljóst að það eru hagsmunir hans sjálfs að samfélagið eða ríkið sé til, því það skapar honum skilyrði til að leita nýrra leiða til að uppfylla langanir sínar og auka umsvif sín. Hann gerir sér grein fyrir því að það kostar sitt að búa við frið og öryggi í einkalífi sínu og hann er tilbúinn að greiða fyrir það svo fremi að ríkið veiti honum þá þjónustu sem hann telur nauðsynlega. (Páll Skúlason: Hvers vegna skyldum við greiða skatta? Tíund, s. 5-13.)

Skirbekk, Gunnar og Nils Gilje. Heimspækisaga. Stefán Hjörleifsson þýddi. Háskólaútgáfan 1999: „Svo eru menn jafnir frá náttúrunnar hendi í eiginleikum sálar og líkama...er munurinn frá manni til manns, þegar allt er tekið, ekki svo tiltakanlegur að einn geti talið sjálfum sér til tekna það sem annar maður hefur ekki kost á til jafns við hann.“ 269

„Þegar ekkert yfirval er til staðar nægilega sterkt til að drottna yfir öllum, hafa menn enga ánægju (heldur þvert á móti, mikla mæðu) af því að vera í félagsskap hvers annars. Því hver maður sækist eftir því að félagi hans meti hann eins mikils og hann sjálfur: og ef hann verður var við fyrirlitningu í sinn garð, eða vanmat, er honum eðlilegt að kappkosta, eins og hann hefur kjark til...að auka veg sinn meðal þeirra sem líta niður til hans með því að skaða þá,....“ 271

„Það má því finna í náttúru mannsins þrjár höfuðorsakir fyrir ósætti..samkeppni....tortryggni...metnaður.“ 271

„Langanir og aðrar ástríður mannsins eru í sjálfu sér ekki syndsamlegar fremur en þær athafnir sem spretta af þeim; ekki fyrr en hann lærir að þekkja lög sem banna þær, en það getur hann ekki gert fyrr en slík lög hafa verið búin til sem á hinn bóginn er ógerlegt fyrr en samkomulag hefur náðst um hver skuli setja þau.“ 272

„En þótt aldrei hafi nokkru sinni ríkt slíkt ástand þar sem einstaklingar heyja stríð hver gegn öðrum, hafa konungar og æðstu valdhafar alla tíð, sjálfstæðis síns vegna, ævinlega eldað saman grátt silfur....“ 272 - „Af þessum ófriði allra gegn öllum leiðir að auki að ekkert er óréttlátt.“ 272

„Þær ástríður sem gera manninn friðsaman eru óttinn við dauðann, löngunin eftir gæðum þeim sem felast í þægilegu lífi og vonin um að með vinnusemi sinni takist honum að öðlast þau. Skynsemin leggur síðan til hentug friðarákvæði sem menn geta byggt samkomulag sitt á. Þessi ákvæði eru þau sem að öllu jöfnu kallast lög náttúrunnar.“ 273

„Náttúrrétturinn, sem höfundar kalla stundum jus naturale, er sá réttur sem hver maður hefur til að beita valdi sínu samkvæmt eigin geðþóttu, í því skyni að standa vörð um eðli sitt, þ.e.a.s. að verja líf sitt, og þar að leiðandi að bera hvaðeina sem hann telur samkvæmt dómgreind sinni og rökhugsun best til þess fallið.“

„Náttúrulög, lex naturalis, eru tilskipanir eða almennar reglur sem skynsemin uppgötvar og aftrar mannum að gera það sem grandað gæti lífi hans eða svipt hann úrræðum til að verja það; svo og að vanrækja það sem hann telur að henti besti til að viðhalda sjálfum sér....réttur felur í sér frelsi til að gera eða gera ekki, en lög eru ákvarðandi eða hamlandi á annað hvort.“

„Það ber því að líta á það sem boðorð, eða almenna skynsemissreglu, að allir menn ættu að stefna að friði að því marki sem þeir geta átt von á að öðlast hann; og þegar þeir geta ekki öðlast hann, leyfist þeim að grípa til og notast við öll þau úrræði sem gilda í ófriði. Þetta er

fyrsta grein þeirrar reglu sem inniheldur fyrsta grundvallarlögmál náttúrunnar, sem er að stefna að friði og leitast við að halda hann.

Sú næsta, sem er grunnur náttúruréttarins, er að leita allra leiða til að verja sjálfan sig.

Af þessu grundvallarlögmáli náttúrunnar leiðir reglu númer tvö; sem er sú að hver og einn fallist á, þegar aðrir gera það líka, og svo framarlega sem hann telur nauðsynlegt til að tryggja frið og eigið öryggi, að afsala sér þessum rétti til allra hluta, og geri sér að góðu jafn mikið frelsi gagnvart öðrum mönnum og hann er reiðubúinn til að una öðrum gagnvart sjálfum sér...

Þetta er sama lögmál og við þekkjum úr Guðspjallinu, það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra. Þetta eru lög sem gilda fyrir alla menn,...“ 274

„Gagnkvæmt framsal réttinda er það sem menn kalla sáttmála....“ 274

Vilhjámur Árnason: „[Hobbes heldur fram að] [h]reyfiöfl mannsins séu langanir og andúð. Við ýmist drögumst að eða hörfum undan fyrirbærunum eftir því hvort þau vekja með okkur óbeit eða ílöngun. En undirrót þessara tilhneiginga er sjálfsbjargarviðleitnin, sem ræður jafnt breytni manna sem dómum þeirra um hlutina. „Gott“ kalla menn það sem þá langar í, en „illt“ það sem þeir forðast. Ekkert er því gott í sjálfu sér, heldur öðlast það gildi fyrir hvern og einn eftir því hvernig það stuðlar að afkomu hans eða varðveislu. Sjálfsbjargarhvötin er því allsráðandi í fari mannsins; hver er sjálfum sér næstur og reynir að tryggja eigin afkomu eins og náttúran býður honum.“ (s. 66)

„.....bylting í sögu siðfræðinnar. Hobbes var fyrstur manna til þess að ráða jafnan rétt manna af einni saman jarðlegri viðleitni þeirra til að lifa af og hafa svigrúm til umsvifa sem efnislegar verur.“ (Vilhjámur Árnason: Farsælt líf, réttlátt samfélag, Rvk. 2008, s. 28.)